

það
besta
2007

* flottustu innlitin
* glæsilegustu húsin

Herrafata **Skjöldur**

Óttar M. Nórðfjörð
rithöfundur

Valur Fannar
og **Margrét**
keyptu uppahalds-
búðina sína

3
áramótaborð

HÚS OG HÍBYLI

NR. 229 • 16.TBL. • 2007 • VERÐ 995 KR.

Pakkaðu flottstu
jólagjöfunum

Skandinavísk
jólarómantík



Magnað hús á Nesinu

Heima hjá Elínrósu Líndal og
Steinþóri Gunnarssyni

GÓD RÁD • NÝJAR BÚDIR • ÁSKRIFENDATILBOD

5 690691 190002



Friðsæljól í norskri villu

I hinum friðsæla bæ Nesodden sem er rétt fyrir utan Oslo stendur Villa Fredbo. Þar starfa og búa hjónin Line Evensen hönnuður og Sigurd Stubsjöen sálfræðingur ásamt börnum sínum. Villa Fredbo er virðulegt hús sem byggt var árið 1882 og er því komið vel til ára sinna. Í þessu fallega húsi er því gamla gert hátt undir höfði, bæði þegar kemur að innanstokksmunum og jólahefðum

TEXTI OG MYNDIR: BENT RAANES OG SARAH CAMERON SØRENSEN
ÞÝDING: ELÍSÍRUND ÞORGEIRSDÓTTIR



„Við viljum gjarnan halda lífi í gömlu jólahefðunum frá barnæsku okkar, bæði fyrir okkur og börnin. Börn eru hrifin af hefðum og þó að þau viti nákvæmlega hvað sé að fara að gerast þá eru þau alltaf jafnspennt,“ segir Line. Þetta eru fyrstu jól Agaton Sofus sem er hálfs árs, en Oliam Cornelius, þriggja ára, gleðst nú þegar á hverjum degi þegar hann opnar dagatalið sitt. Line býr til sitt eigið jólaöl og elskar að baka og eru oftar en ekki fleiri en sjö sortir á hennar borðum. Sigurd, sem ólst upp í Bandaríkjum, og Line reyna að leiða saman norsku og bandarísku jólahefðirnar með því að elda norskt „ribbe“ (sem er þurrkað og saltat kindakjöt) á aðfangadagskvöld en amerískan kalkún á jóladag. Þá koma

líka dætur Sigurd, Rebecca og Nora, í heimsókn. Sonur Line, Emil, kemur einnig heim um jólin, m.a. til að borða jólaréttinn frá æskuheimili Line sem er lefsa með sultu og sinnepi og henni er síðan dýft í edik! „Við hesthúsum birgðir af þessu um hver jól,“ segir Line sem telur það ómetanlegt að geta haldið notaleg jól í faðmi fjölskyldunnar.

- 1 Line með Agaton Sofus og Oliam Cornelius.
- 2 Hinn glæsilegi og litríki sófi í stofunni er verk Line. Hún vinnur einnig sófa í svipuðum stil eftir pöntun. Á borðinu stendur bakki með útsaumsmynd og hefur Line komið þar fyrir gömlum barnaskóm ásamt fleiru til skrauts.
- 3 Barnavagnninn hans Agaton Sofus, sem heitir Simo Victoria, er frá 1959 og hafa þau Line og Sigurd itrekað verið stoppuð úti á götu af fólk sem langar að kaupa hann eða vill vita hvar hægt sé að fá einn slikein.

Íbúar Villa Fredbo

Line Evensen hönnuður.

Sigurd Stubsjöen, salfræðingur og rithöfundur.

Agaton Sofus, 6 mánaða.

Oliam Cornelius, þriggja ára.

Line og Sigurd bæði búa og starfa á helmilli

þeirra, Villa Fredbo. Þar heldur Sigurd námskeið og Line hannar og selur fatnað og innanstokksmuni.

Heimasiður þeirra eru:

www.nimus.no

ENDURNÝTA OG NJÓTA

Fyrri eigendur hússins eru aðeins tveir og hefur því verið haldið einstaklega vel við. Line og Sigurd hafa einnig verið dugleg að varðveita gamlan stil hússins þótt þau hafi einnig bætt við sinum persónulega stil. Þau vildu t.d. ekki láta rífa af gamla veggfóðrið í stofunni þótt þau hefðu sjálf kosið ljósari lit í mynstrinu. Lausnirn varð sú að þau létu útbúa plötur sem settar voru ofan á veggfóðrið og veggfóðruðu svo nýju plöturnar með ljósu veggfóðri. Á þann hátt varðveittist gamla veggfóðrið fyrir komandi kynslóðir. Byggt hefur verið við húsið í nokkur skipti en alltaf í stil við eldri hlutann. Í gluggunum er t.d. gamalt gler þrátt fyrir að gluggarnir sjálfir séu nýir. Innbúið ber líka með sér svip af þessari hugmynd um endurnýtingu hlutanna því Line kaupir nánast aldrei neitt nýtt til heimilisins. „Ég er mjög hrifin af því að endurnýta það sem þegar er til í stað

1 Falleg fjölskylda: Sigurd Stubsjøen, Line Evensen og synir. 2 Veggfóðrið er frá Osborne & Little. Allir munirnir á hillunum eru annaðhvort erfðagóss eða keyptir notaðir. Litlu flísarnar á eldhúsbekknum eru frá Ítalíu. 3 Bollana fengu þau að gjöf frá fjölskyldunni í Bandaríkjunum. Vinir og fjölskylda Line og Sigurd hafa áttað sig á því með árunum að það borgar sig ekki að kaupa nýja hluti sem gjafir handa þeim. Line og Sigurd vilja hafa hlutina sína notaða. 4 Í eldhúsini hefur Line raðað gersemunum sínum saman í fallegar uppstillingar.



Kaupið notað

Lætit að sérstökum hlutum á floamörkuðum og hjá antikkefum. Hægt er að gera góð kaup með klípu af þokinmæði og nóg af tíma. Auglysing í dagblöðum eða leitið á Internetinu. Hafið í huga að fólk selur ótrúlegustu hluti og oft á góðu verði.



Gifsafsteypa af óléttubumbu Line, þegar hún gekk með Agaton Sofus, hangir uppi á vegg í ramma. Á spýtu á veggnum (sem notast sem dagatal) hanga jólapokar og eiga Oliam Cornelius og Sigurd sinn pokann hvor fyrir hvern dag mánaðarins. Það er að sjálfsgöðu Line sem útbjó þetta frumlega dagatal. Oliam Cornelius stekkur niður stigann með prakkaralega húfu á höfðinu og minnir óneitanlega á Emil í Kattholti.

INNLIT

Veggfóðrið á baðherberginu er eftir danska hönnuðinn Lene Tori Kjelde en flísarnar eru frá Ítalíu. Rúlluhaldarinn er hluti af gömlum lampafæti og salernið og skolið voru keypt notuð í Frakklandi.



þess að vera alltaf að kaupa nýtt. Á þann hátt stuðlum við að bættu umhverfi og minni neyslumenningu. Við borðum líka lífrænt ræktaðan mat og ræktum sjálf bæði grænmeti, og ávexti ásamt því að vera með bæði haenur og kanínur," segir Line. Eins og sést hefur Line mikla þörf fyrir að skapa og hannar hún allt frá fótum til húsgagna. Hún segist sjálf alltaf hafa haft gaman af innanhússhönnun. Þegar hún var barn að aldri í mömmuleik urðu vinkonurnar oftar en ekki leiðar á biða eftir að leikurinn hæfist því Line tók mestan tímann í að innréttu díkkubúið!

1 Þennan skondna skúptúr gerði Hanne Nyström. Spegillinn átti í fyrru að vera á baðherberginu en endaði í stofunni. Lampinn var keyptur á flóamarkaði. 2 Mariulíkneskið er frá Póllandí en gömlu, flottu stólarnir voru keyptir notaðir í Oslo.

